



Kársnesskóli

Þekking - virðing - ábyrgð - ánægja

Foreldrafélag Kársnesskóla

Skýrsla formanns stjórnar

Aðalfundur haldinn 24.maí 2018

Í lok núverandi starfsárs 2017-2018 stjórnar foreldrafélags Kársnesskóla var stjórnin skipuð eftirfarandi aðilum:

Formaður: Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

Ritari: Björg Hilmarsdóttir

Gjaldkeri: Signý Skúladóttir

Meðstjórnandi: Sverrir Tryggvason

Meðstjórnandi: Stéphane Aubergy

Meðstjórnandi: Fjóla Borg Svavarsdóttir.

Fulltrúi foreldrafélags í Samkóp: Fjóla Borg Svavarsdóttir.

Fulltrúi í Skólaráði: Örn Guðmundsson/Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

Skoðunarmaður reikninga: Helga Guðný Sigurðardóttir.

Við upphaf skólaárs voru Bjargey Ingólfssdóttir og Kristófer Karlsson í stjórn en þau gengu bæði úr stjórn fyrri hluta hausts. Örn Guðmundsson, fulltrúi í skólaráði, hefur einnig starfað með stjórn félagsins þetta árið. Örn hefur einnig setið sem fulltrúi foreldra í nefnd á vegum Kópavogs um nýjan skóla í Skólagerði. Alls voru haldnir 5 stjórnarfundir á árinu, auk facebook og samskipta í tölvupósti.

Starfið í ár hefur verið nokkuð hefðbundið. Það gekk mjög vel að fá bekkjarfulltrúa í ár og foreldrar eiga hrós skilið fyrir að hafa tekið vel við sér og sinnt bekkjarstarfi vel. Svo til fullmannað var í öll bekkjarráð þetta skólaárið.



Kársnesskóli

Þekking - virðing - ábyrgð - ánægja

Það hefur einnig gengið ágætlega að fá foreldra til samstarfs við skipulag viðburða foreldrafélagsins þetta árið.

Eins og á síðasta ári hafa húsnæðismál skólans verið nokkuð áberandi í umræðunni en nú á eftir munum við heyra meira um það í erindi skólstjóra. Annars vegar hvernig skólastarfið hefur gengið í Fannborginni en ekki síst hér á skólalóðinni í Vallargerði. Hins vegar niðurstöður þarfagreiningar um nýjan skóla og þær áætlanir sem eru uppi við varðandi byggingu skólans.

Starf bekkjarfulltrúa:

Það hefur sjaldan gengur betur að manna bekkjarfulltrúa eins og í ár. Af 23 bekkjum skólans var svo til fullmannað í öllum bekkjum nema 5. Ég vona að starf bekkjarfulltrúa hafi því gengið vel og að fólk sé tilbúið í annan góðan vetur á næsta skólaári. Í nóvember var haldið námskeið fyrir bekkjarfulltrúa, eins og undanfarin ár. Námskeiðið er haldið á vegum Heimils og skóla og var vel sótt. Þetta er fimmta árið sem við höldum slíkt námskeið.

Viðburðir félagsins:

Í vetrarbyrjun mættu fulltrúar foreldrafélags á skólakynningar hjá foreldrum 1. bekkinga. Þar var farið yfir starfsemi foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúa og hvatt til virkrar þátttöku.

Eins og venja er var stefnt að jólaföndri í lok nóvember. Eins og þekkt er, þá féll þessi viðburður niður á síðasta ári en nú tókst að manna skilvirka undirbúningsnefnd. Þann 25.nóvember var jólaföndrið því haldið, við mikla aðsókn og greinilegt var að bæði nemendum og foreldrum þótti vel til fundið og gleðin skein úr hverju andliti. Ekki skemmdi fyrir kaffi og kakósalan og ilmandi vöflurnar sem 10.bekkingar stóðu fyrir í fjáröflun fyrir útskriftarferð. Ég hvet verðandi bekkjarfulltrúa til að halda þessari hefði á lofti og efna til jólaföndurs eða einhvers konar viðburðar tengt jólum fyrir nemendur. Það eru foreldrar barna á yngsta stigi sem koma að þessu skipulagi.

Töluverð vinna var lögð í það í vetur að koma foreldrarölti aftur á. Lögreglan í Kópavogi var í samstarfi við foreldrafélög í Kópavogi í gegnum Samkóp, og hvatti lögreglan mjög til að foreldrar viðhéldu og eflðu foreldrarölt. Við fórum af stað og foreldrar á elsta stigi tóku nokkrar föstudagsgöngur. Þetta gekk



Kársnesskóli

Þekking - virðing - ábyrgð - ánægja

Ágætlega og rétt er að hvetja foreldra á elsta stigi að halda foreldraröltinu við á næsta ári. Við hittum einnig skólastjóra til að ræða forvarnir og það virðist sem herða þurfi forvarnir og á breiðum grunni, gagnvart áfengi, kannabis og ekki síst veipi. Meira hefur verið um hópamyndanir krakka víðs vegar um hverfið. Foreldrafélagið, skólinn og Ekkó þyrftu að taka höndum saman og vinna að öflugra forvarnarstarfi á næsta skólaári. Við ræddum einnig hvort við ættum að taka upp samstarf við annan skóla t.d. Kópavogsskóla og það mætti jafnvel finna leiðir sameiginlega til að hvetja foreldra og efla til þátttöku. Næsta haust vil ég hvetja nýja stjórn til að ganga í þetta mál strax um haustið, vera með kynningar fyrir foreldra og jafnvel einnig meðal unglingana.

Foreldra barna á miðstigi hafa staðið að skipulagi vorhátíðar undanfarin ár. Núna í ár verður hafður nokkuð annar háttur á þar sem skólinn, list- og verkgreinakennarar og foreldrafélag taka höndum saman um kveðjuhátíð skólans í Skólagerði og góðgerðadags, þann 5.júní n.k. Viðburðurinn hefur nú þegar verið auglýstur og dagskráin er glæsilegt. Byrjað verður í Skólagerði kl 17, með kveðjuathöfn og svo farið í Vallargerði þar sem efnt verður til söfnunarátaks til styrktar börnum í Jemen. Í boði verða hefðbundin atriði eins og hoppukastali, kassabílarally, handverksmarkaður, tónlist og margt fleira. Og búið er að panta gott veður.

Foreldrafélagið stóð einnig að því að börn í hverfinu gengu í hús á Öskudag, sungu og fengu smá sælgætisglaðnin að launum. Þessi viðburður gekk vel og er vonandi kominn til að vera. Það eru yngstu börnin í hverfinu sem nýta þetta tækifæri best enda sá hópur sem er líklega síst á ferðinni yfir daginn til að syngja í verslunum eins og þau eldri.

Fjárhagur:

Fjárhagsstaða félagsins hefur verið ágæt en gjaldkeri mun fara betur yfir þau mál á eftir. Félagsgjald var hækkað í 3.000 á heimili og við heyrum á eftir hvernig innheimta hefur gengið. Eins og áður hefur félagið styrkt nemendur í 10.bekk vegna útskriftarferðar auk þess sem 7. og 8.bekkir fá styrki vegna ferða á Reyki og Laugar. Einnig geta allir bekkir fengið bekkjarstyrk.



Kársnesskóli

Þekking - virðing - ábyrgð - ánægja

Húsnæðismál:

Eins og í fyrra voru húsnæðismál nokkuð fyrirferðarmikil. Björg skólastjóri hitti stjórn á fundi og fór yfir niðurstöður þarfagreiningar auk þess sem Örn hélt okkur vel upplýstum um ganga mála í nefnd bæjarins. Núna á eftir mun Björg fara betur yfir þessi mál.

Hvað snertir foreldra vil ég segja að foreldrar munu geta haft áhrif á framgang í þessu máli og það er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í umræðunni og leggi sitt af mörkum til framtíðaruppbyggingar skólans.

Ég vil í lokin hvetja ykkur öll til virkrar þátttöku í starfi foreldrafélagsins og nýta þau tækifæri sem okkur gefast til að hafa áhrif á þennan einstaka vinnustað barnanna okkar. Hér eru þau alla daga og með því að hafa áhuga og taka þátt í umræðunni getum við haft áhrif og haldið áfram að vinna að þeirra vellíðan, ekki bara heima heldur einnig í skólanum.

Skv. lögum á að starfrækja foreldrafélag í hverjum grunnskóla en ég vil hvetja nýja stjórn til að kynna félagið vel, vinna að auknu samstarfi við Ekkó, kennara og stjórnendur skólans.

Um leið og ég þakka núverandi stjórn fyrir gott og óeigingjarnt starf í vetur þá veit ég að það er vilji allavega einhverra stjórnarmeðlima að hætta eftir þetta skólaár. Fjóla, Björg og Signý gefa kost á sér áfram. Stéphane hefur óskað eftir því að ganga úr stjórn. Ég sjálf hefur nú starfað í stjórn í 7 ár og þar af 5 sem formaður. Ég hef því ákveðið að draga mig í hlé og gefa nýju fólki tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar.

Það er mjög gefandi og skemmtilegt að starfa í foreldrafélaginu og þar að auki frábær vettvangur og tækifæri fyrir foreldra til að hafa bein áhrif á skólastarfið. Ég hvet ykkur því til að gefa kost á ykkur í stjórn, sem bekkjarfulltrúa eða í undirbúningsnefnd fyrir viðburði félagsins.



Kársnesskóli

þekking - virðing - ábyrgð - ánægja

Ég vil þakka öllum stjórnarmeðlimum kærlega fyrir vel unnin störf í vetur, án þeirra þá er enging stjórn. Einnig þakka ég sérstaklega Erni fyrir að hafa mætt á stjórnarfundi, sem viðbótarliðsmaður. Ég þakka einstaklega gott samstarf við skólastjórnendur og þá sérstaklega Björgu en einnig við aðra stjórnendur og starfsmenn skólans sem starfa í Skólaráði. Að lokum vil ég líka þakka þeim hópi foreldra sem stóðu að jólaföndri, tóku þátt í foreldraröltinu og eru nú að skipuleggja vorhátíð.

Takk fyrir

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Formaður
Foreldrafélag Kársnesskóla.